



# UMHVERFIS – OG LOFTLAGSSTEFNA HÖRPU

## Framtíðarsýn

Harpa tónlistar – og ráðstefnuhús ohf. setur sér markmið um að vera til fyrirmyndar í umhverfis – og loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Harpa vill leggja sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamkomulagsins sé náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

## Yfirmarkmið

Fram til ársins 2030 mun Harpa draga úr losun sinni á CO2 samtals um 40% miðað við árið 2019.

## Umfang

Fram til ársins 2030 mun Harpa draga úr losun sinni á CO2 um samtals 40% m.a. með eftirfarandi aðgerðum:

- Minnka soun með aukinni flokkun úrgangs. Hlutfall endurvinnanlegs úrgangs verði 75%.
- Minnka orkunotkun með orkusparandi aðgerðum.
- Leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá og með árinu 2022.
- Ráðstefnu- og viðburðagestum verði boðið að kolefnisjafna viðburðinn í gegnum Kolvið eða Votlendissjóð.
- Áhersla lögð á minnkun á förgun og soun á öllum stigum skipulagningar viðburða.
- Draga úr matarsoun í samvinnu við veitingaþjónustu Hörpu
- Allt sorp í Hörpu er flokkað og allt endurvinnanlegt sorp sent til endurvinnslu.
- Öll hreinsiefni tengd daglegum þrifum sem notuð eru í Hörpu eru með Svansmerkinu, sem er þekkt og virt umhverfissvottunarkerki á Norðurlöndunum.
- Rekstraraðilar í Hörpu skipti aðeins við birgja sem stunda vistvæna viðskiptahætti og nota mestmegnis ferskt, íslenskt hráefni.
- Fá viðurkennda umhverfis – og gæðavottun, innlenda sem og erlenda.
- Innleiðing fjarvinnustefnu.
- Hvatt verði til vistvænni ferðamáta starfsmanna til og frá vinnu með auknum stuðningi við vistvænar samgöngur. Hlutdeild vistvænni ferðamáta til og frá vinnu verði 30%.
- Fræðsluviðburðir fyrir starfsmenn um umhverfismál verði haldnir a.m.k tvisvar á ári og reglulega fjallað um græn skref í starfseminni á starfsmannafundum
- Harpa kolefnisjafnar öll ferðalög starfsmanna á vegum félagsins.

## Gildissvið

Stefnan nær til allrar starfsemi Hörpu, þar með talið allra eininga sem hafa fasta starfsemi í Hörpu, rekstraraðila sem og þjónustuaðila.



## Eftirfylgni

Harpa tekur þátt í Grænum skrefum, verkefni sem leitt er af Umhverfisstofnun. Með þátttöku í Grænum skrefum gefst Hörpu tækifæri á að innleiða öflugt umhverfisstarf með kerfisbundnum hætti undir handleiðslu sérfræðinga Umhverfisstofnunar. Formaður umhverfisnefndar Hörpu og grænna skrefa ber ábyrgð á að umhverfisstarf Hörpu sé rýnt og grænu bókhaldi skilað árlega.

Umhverfis – og loftslagsstefna Hörpu er rýnd árlega af stýrihópi umhverfismála Hörpu þar sem yfir- og undirmarkmið eru uppfærð með tilliti til þróunar í losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára. Undirmarkmið Hörpu er í vinnslu hjá stýrihópi og eru þau tengd Heimsmarkmiðum SP.

## Tenging við núverandi skuldbindingar

Í nóvember 2015 undirritaði forstjóri Hörpu yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar í loftlagsmálum sem var kynnt á Parísarráðstefnunni um loftlagsmál í desember sama ár.

Samkvæmt Loftlagsstefnu stjórnarráðsins eru gerðar kröfur um að allar ríkisstofnanir uppfylli öll fimm Grænu skrefin fyrir árslok 2021.

**Stefnan er samþykkt af forstjóra og upplýsingum um árangur aðgerða er miðlað reglulega á heimasíðu Hörpu sem og til starfsmanna á innri vef.**